

4. júlí 1966.

337

Nr. 161.

REGLUGERÐ

um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Verksmiðjur mega ekki nota nitritefni (hrein efni eða blöndur) við geymslu á síld, loðnu eða öðrum bræðslufiski, nema að fengnu leyfi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

2. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna verður því aðeins veitt, að verksmiðjan hafi í þjónustu sinni kunnáttumann, sem kann skil á notkun rotvarnarefna og getur auk þess framkvæmt nitritákvarðanir á hráefni og mjöli. Þá verður verksmiðjan einnig að hafa umráð yfir nauðsynlegum tækjum og áhöldum, sem nota þarf við skömmtun og efnagreiningar.

3. gr.

Hráefni (síld, loðna og annar bræðslufiskur), sem tekið er til vinnslu, má aldrei innihalda meira en 0,2% af nitrit (reiknað sem NaNO_2) þegar það er unnið.

Skylt er vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) að sjá svo um að gerðar séu vikulega að minnsta kosti tvær nitrit-ákvarðanir á rotvörðu hráefni í hverju geymslurúmi (þró, tanki o. s. frv.) og skulu niðurstöður bókfærðar.

Meðan á vinnslu stendur, skulu gerðar nitrit-ákvarðanir á soði a. m. k. einu sinni á sólarhring og niðurstöður bókfærðar.

4. gr.

Í nýframleiddu mjöli má aldrei vera meira en 0,2% natríumnitrit.

Ef efnagreining leiðir í ljós, að ákveðið mjölmagn innihaldi meira en 0,2% natríumnitrit á framleiðsludegi, ber vinnslustjóra (verksmiðjustjóra) tafarlaust að tilkynna það Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með símskeyti.

Mjöl, sem inniheldur meira en 0,2% natríumnitrit, verður að aðgreina og auðkenna sérstaklega í mjölhúsum og er bannað að ráðstafa því, nema með leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

5. gr.

Öllum verksmiðjum, sem nota rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimilaður aðgangur að dagbókunum og skoðun þeirra, og getur krafizt að fá endurrit úr þeim á hverjum tíma.

6. gr.

Verksmiðjum, sem hafa óuppleyst natríumnitrit í vörzlum sínum, ber að geyma það í sérstökum læstum geymslum. Ef því verður við komið, skulu geymslur þessar vera eldtraustar. Ekki mega óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

B 42

7. gr.

Notkun nitritefna um borð í veiðiskipum er óheimil.

8. gr.

Flutningaskip mega ekki nota nitritefni við geymslu á bræðslusild, nema að fengnu leyfi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin getur afturkallað slík leyfi fyrirvaralaust, ef notkunarreglum er ekki fylgt.

9. gr.

Leyfi til notkunar nitritefna um borð í flutningaskipi verður því aðeins veitt, að það hafi umráð yfir nauðsynlegum tækjum, sem nota þarf við skömmtun rotvarnarefnanna, og að skipið flytji einungis bræðslufisk á þeirri vertíð, er það notar nitritefni.

10. gr.

Flutningaskipi, er notar ofangreint rotvarnarefni, er skylt að halda dagbók eftir reglum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur, og skal afhenda verksmiðju þeirri, er tekur við farminum, afrit af dagbókinni, þar sem gerð er grein fyrir rotvörn farmsins.

11. gr.

Skip má því aðeins landa nitritvörðum fiski til verksmiðju, að verksmiðjan hafi leyfi til notkunar nitritefna.

12. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á hendi eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

13. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út ráðleggingar, a. m. k. árlega, um nitritblöndur og heppilega skammta af þeim til rotvarnar.

Rannsóknastofnunin getur bannað notkun á öðrum nitritblöndum og skömmtum af þeim en hún ráðleggur.

14. gr.

Atriði, sem varða meðferð og notkun rotvarnarefna og ekki eru ákvæði um í reglugerð þessari eða fyrirætlum, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setur samkvæmt henni, skal bera undir úrskurð Rannsóknastofnunarinnar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða fyrirætlum, sem sett kunna að verða samkvæmt henni, varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarvörum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 247 30. desember 1965, um notkun rotvarnarefna til geymslu á sild, loðnu og öðrum bræðslufiski.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. júlí 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.